

## 6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Kvenfélagsins Hringingsins.

## 7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 166.

14. apríl 1975.

## G J A L D S K R Á

### um holræsi á Bildudal.

## 1. gr.

**Tengigjöld.**

Fyrir hvert íbúðarhús kr. 10 000.00, en séu fleiri en ein íbúð í húsi, þá skal greiða kr. 7 500.00, fyrir hverja viðbótaríbúð. Af öðru húsnæði skal tengigjald vera kr. 20.00 pr. m<sup>2</sup>.

## 2. gr.

**Árlegt holræsagjald.**

Árlegt holræsagjald skal vera 0.22% af fasteignamatsverði húsa eða einstakra íbúða, hámark 10.00, pr. m<sup>3</sup> íbúðar, lágmark íbúðarhús 8.00 kr., lágmark önnur hús 5.50 kr. Holræsagjald skal aldrei vera lægra en kr. 1 500.00.

Gjaldskrá þessa má hækka (eða lækka) um allt að 50%.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. apríl 1975.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

Nr. 167.

14. apríl 1975.

## R E G L U G E R Ð

### um holræsi á Bildudal.

## 1. gr.

Þegar hreppurinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsi. Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsi.

## 2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi kauptúnsins varða, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón alla, annast maður, sem hreppsnefnd felur það,